



BÍLGREINASAMBANDIÐ
THE ICELANDIC FEDERATION FOR MOTOR TRADES AND REPAIRS

Nefndarsvið Aþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/296
komudagur 30.11.2005

Reykjavík 28. nóvember 2005

Umsögn um frumvarp til laga um bensíngjald og olúgjald, 30. mál, tímabundin lækkun gjalds.

Bílgreinasambandið hefur engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,
Bílgreinasambandið


Jónas Þór Steinarsson.



Alþingi

Erindi nr. Þ 132/297

komudagur 30.11.2005

Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. nóvember 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olúgjald
Tilv: 2005110011


Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 10. nóvember sl.

Frumvarpið felur í sér tímabundna lækkun á bensín- og olúgjaldi í þeim tilgangi að vega á móti verðhækkunum á eldsneyti á heimsmarkaði.

Án þess að leggja mat á útfærsluna, tekur stjórn BÍ undir nauðsyn þess að hamla gegn verðhækkun eldsneytis, sem hefur ekki síst áhrif á flutningskostnað á landsbyggðinni.

Nú hefur Bændasamtökunum borist annað frumvarp um sama efni til umsagnar, þ.e. 327. mál, og verður það athugað á næstu dögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson



www.fib.is

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/295
komudagur 30.11.2005

Reykjavík 25. nóvember 2005

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um bensíngjald og olíugjald, 30. mál, tímabundin lækkun gjalds.

Í frumvarpinu er lagt til að bensín- og olíufútrinn lækki tímabundið um tæplega 5 kr. Lögð er til 4 kr. lækkun á almennu vörugjaldi af bensíni þannig að það lækki úr 9,28 kr. í 5,28 kr. Auk þess er lögð til sama lækkun á olíugjaldinu þannig að það lækki úr 41 kr. í 37 kr., en olíugjaldið var lækkað tímabundið 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 úr 45 kr. í 41 kr. Í greinargerð segir einnig að tilgangur breytinganna sé að vega upp á móti þeirri miklu verðhækkun sem orðið hefur á eldsneyti á heimsmarkaði.

Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hefur verið óvenju hátt á þessu ári. Verð á bifreiðaeldsneyti á Íslandi er hið hæsta í Evrópu. Meginástæða þess er sú að hér á landi leggur ríkið þungar álögur á eldsneyti. Um 60% af útsöluverði bensíns og dísilólú eru skattar í ríkissjóð. Hátt heimsmarkaðsverð hefur skilað ríkissjóði stórauðnum virðisaukaskattstekjum af eldsneytiskaupum bifreiðaeigenda.

Á þessu ári stefnir í að tekjur ríkissjóðs af bílum og umferð fari yfir 40.000 m.kr. sem er Íslandsmet í bílasköttum yfir eitt ár. Þrátt fyrir verðlækkun á bílaeldsneyti síðustu vikunnar samanborið við ofurverðin í haust, þá er eldsneytisverð um þessar mundir mjög íþyngjandi og óvenju hátt til íslenskra bifreiðaeigenda. Gengi íslensku krónunnar hefur haldið verðinu niðri hér á markaði en nú síðast í morgun var tilkynnt um hækkun á eldsneyti á grundvelli versnandi stöðu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

FÍB gaf nú í haust bifreiðaeigendum kost á því að rita nöfn sín á áskorun til stjórnvalda um að lækka álögur á bifreiðaeldsneyti. Um 15 þúsund skrifuðu undir. FÍB fagnar nýju frumvarpi til laga um lækkun skatta á eldsneyti og heitir á hið háa Alþingi að lækka álögur ríkisins á eldsneyti með lögum.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda



MEMBER OF ALLIANCE
INTERNATIONALE
DE TOURISME


HEIMILIS- & PÓSTFANG:
ADDRESS AND POSTAL ADDRESS:
Borgartún 33 • IS-105 Reykjavík

SÍMI:
TELEPHONE:
+354 562 9999

MYNDSENDIR:
TELEFAX:
+354 552 9071

NETFANG:
E-MAIL:
fib@fib.is

KENNITALA:
REG.NUMBER:
530169-7749





Bifreiðastjórafélagið Frami

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/98
komudagur 22.11.2005

Reykjavík 17.11.05.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bensíngjald og oliugjald, 30. mál, tímabundin lækun gjalds.

Erindi efnahags- og viðskiptanefndar varðandi ofangreint mál tekið fyrir á stjórnarfundum Frami í dag. Stjórnin styður framkomið frumvarp.

Virðingarfyllst,

Þorlákur Oddsson, formaður


Alþingi
Erindi nr. P 132/294
komudagur 30.11.2005

**Umsögn Landssambands sendibifreiðastjóra
um frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem
varða bensíngjald og olúgjald**

28. nóvember 2005

Landssamband sendibifreiðastjóra fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olúgjald. Jafnframt bendir LS á að allt of lítill verðmunur er á díselolíu og bensíni. Stjórnvöld ættu að beita sér fyrir lægra verði á díselolíu til að bílum sem nýta það eldsneyti fjölgi í landinu. Það myndi minnka mengun og losun gróðurhúsalofttegunda.

Fyrir hönd stjórnar Landssambands sendibifreiðastjóra



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/298
komudagur 30.11.2005



Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

28. nóvember 2005


Efni: Umsögn um þskj. 30 — 30. mál.
„Frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olfugjald”.

Landssamband smábátæigenda gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

LS telur að með samþykkt þess sé komið til móts við mikla rekstrarerfiðleika sem nú herja á útgerðina. Breyting laga sem frumvarpið felur í sér er nauðsynlegt inngrip sem styrkja mun undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar – sjávarútveginn.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Landssamband vörubifreiðastjóra
Þarabakka 3, 109 Reykjavík. Sími 568 9170. netfang lvbifreid@simnet.is

*Alþingi
Erindi nr. P 132/82
komudagur 18.11.2005*

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. nóvember 2005

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olíugjald.

Landssamband vörubifreiðastjóra hefur farið yfir þessar breytingar lagaákvæða sem varða bensíngjald og olíugjald. Sambandið fagnar frumvarpinu, telur það vel unnið og styður eindregið framgang þess í öllum atriðum eins og það liggur nú fyrir.

F.h. Landssambands vörubifreiðastjóra

Knútur Halldórsson

Knútur Halldórsson framkvæmdastjóri

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

Alþingi
Erindi nr. P 132/190
komudagur 28.11.2005



NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK


Reykjavík 25. nóvember 2005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensín-
gjald og olíugjald (tímabundin lækkun gjalds), 30. mál.**

Þann 15. ágúst sl. sendu Neytendasamtökin fjármálaráðherra bréf þar sem tekið var undir áskorun Félags íslenskra bifreiðaeigenda um að stjórnvöld lækki álögur sínar á bensíni og olíu tímabundið á meðan heimsmarkaðsverð á þessum vörum er jafn hátt og raun ber vitni. Vissulega hefur heimsmarkaðsverð að undanfögnu lækkað, en samt er það enn mjög hátt. Ljóst er að ríkissjóður hefur hagnast verulega á þessu háa verði umfram áætlanir með auknum tekjum af virðisaukaskatti. Einnig minna Neytendasamtökin á að stjórnvöld hafa áður gripið til þess ráðs að lækka tímabundið opinberar álögur á þessar vörur í tengslum við svokölluð "rauð strik". Einnig að gjöld á þessar vörur eru hér á landi með þeim hæstu í heimi.

Neytendasamtökin mæla því með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður



Alþingi
Erindi nr. P 132/299
komudagur 30.11.2005

Reykjavík, 28. nóvember 2005

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum sem varða bensíngjald og olíugjald

Í bréfi dagsettu 10. nóvember 2005 er óskað umsagnar Olíudreifingar ehf. um 30. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum sem varða bensíngjald og olíugjald, tímabundin lækkun gjalds, þingmannafrumvarp.

Olíudreifing ehf, sem dreifingaraðili á stærstum hluta þess eldsneytis sem frumvarpið nær yfir og sem stórnotandi á gasolíu og móðurfélög þess sem stórir gjaldskyldir aðilar samkvæmt umræddu frumvarpi, gerðu margháttaðar athugasemdir við frumvarpið sem varð að lögum á síðasta ári og lögðust gegn því í óbreyttri mynd, án þess að tillit væri til þess tekið.

Er ekki að sjá neina annmarka á því að þetta gjald verði lækkað, en þægilegra væri að miða breytingu við áramót, vegna uppgjörs. Olíudreifing ehf gerir jafnframt ráð fyrir að framlög til vegagerðar úr ríkissjóði og þar með viðhald vegakerfisins verði ekki lækkað sem þessu nemur, enda myndi það rýra umferðaröryggi í landinu og valda aukinni viðhaldspörf á síðari stigum.

Félagið vill nota tækifærið og upplýsa nefndina um eftirfarandi er varðar olíugjaldsmálið í heild sinni.

Mikill stofnkostnaður var við að koma fyrir búnaði til litunar á gjaldfrjálsri olíu og var hann heldur meiri en Olíudreifing hafði áætlað og fram kom í álitserð félagsins.

Óhjákvæmileg afleiðing af kerfisbreytingunni er sú að akstur olíubíla hefur aukist og þar með heildaráhætta við flutninga á eldsneyti. Hefur aukningin verið meiri en félagið áætlaði við gerð umsagnar um málið og er hún mest á höfuðborgarsvæðinu eða um 35 - 40% fleiri eknir km bakvið hvern afgreiddan lítra. Almennt er viðurkennt að áhætta við flutning á hættulegum varningi er í beinu hlutfalli við flutta vegalengd og verður því að reikna með því að áhættan við flutninga á þessum tegundum hafi aukist sem þessu nemur.

Mikil þrýstingur er á starfsmenn félagsins að þeir afgreiði litað eldsneyti sem augljóslega er ætlunin að nota á gjaldskyld ökutæki. Er orðalag laganna og þar með réttarstaða félagsins og viðkomandi starfsmanns óljós og taldi Ríkisskattstjóri sig knúinn til að túlka lögin og er ekki ljóst hvort sú túlkun standist algerlega skoðun m.t.t laganna, eins og félagið benti á í sinni umsögn um frumvarpið. Er full ástæða til að endurskoða lögin og létta þeirri réttaróvissu af innheimtuaðilum og starfsmönnum þeirra.

Af ofansögðu má ljóst vera að margir gallar eru á lögnum og ekki verður séð að neinn sá ávinningur sé af breytingunum, sem ekki var hægt að ná með öðrum hætti sem réttlæti þann kostnað og þær álögur sem lögin hafa lagt á atvinnulífið og samfélagið í heild sinni.

Er því lagt til að lögin verði endurskoðuð frá grunni í samvinnu við hagsmunaaðila.

Virðingarfyllt,
Olíudreifing ehf.,


Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. nóvember 2005 2005110283

Með bréfi dags. 10. nóvember sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra frumvarp til laga um bensíngjald og olúgjald, 30. mál, tímabundin lækkun gjalds.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson
ríkisskattstjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/293
komudagur 30.11.2005

28. nóvember 2005
SÍ 26018

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um bensíngjald og olfugjald

Með bréfi dags. 10. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskipta-
nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga
um bensíngjald og olfugjald, 30. mál á 132. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald af bensíni og olfugjald af dísilolífu
í almennri sölu verði lækkað um 4 kr. á lítra frá byrjun nóvember til
loka mars. Lækkun útsöluverðs og tekjutap ríkissjóðs verða öllu meiri
en þessu nemur, því virðisaukaskattur leggst ofan á eldsneytisgjöld og
eldsneytisnotendur greiða að meðaltali lægri virðisaukaskatt af því sem
þeir kaupa fyrir bensínsparnaðinn.

Frumvarpið kallar á sértæka skattalækkun á þensluskeiði sem færi í
bága við viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af verðbólgu. Þótt
ráðstafanir samkvæmt frumvarpinu myndu lækka verð tímabundið,
gengur lækkunin til baka þegar lögin falla úr gildi. Horft til lengri tíma
en skattalækkunin varir yki gjaldalækkunin lítillaga eftirspurn og e.t.v.
verðbólgu. Loks draga ráðstafanir frumvarpsins úr eðlilegum við-
brögðum við hækkandi eldsneytisverði, t.d. með vali á sparneytnari
bílum og minni akstri.

Af framangreindum ástæðum leggst Seðlabankinn gegn því að frum-
varpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík.


Reykjavík, 27. nóvember 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olfugjald, 30. mál.

Skeljungur hf. styður breytingu lagaákvæða um lækkun bensín- og olfugjalds.

Við umræðu um skattlagningu eldsneytis er minnt á að gæta þarf jafnræðis og hafa í huga að orkugjöfum sé ekki mismunað. Skv. núverandi lögum er almennt vörugjald af bensíni 9,28 kr. af hverjum lítra og sérstakt vörugjald, bensíngjald 32,95 kr. af hverjum lítra. Samtals eru því vörugjöld af bensíni í dag 42,23 kr. af hverjum lítra, samanborið við olfugjaldið sem er 41 kr. á hvern lítra dieselolíu. Að teknu tilliti til orkugildis og eðlisþyngdar er þess munur meiri. Þannig nema vörugjöld á bensín um 57,50 kr./kg. bensíns, samanborið við 50 kr./kg. dieselolíu. Eigendur bensínbíla greiða því um 15% hærri opinbergjöld en eigendur dieselbíla að teknu tilliti til orkugildis. Til að jafnræðis verði gætt þarf að lækka vörugjald af bensíni, umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

SKELJUNGUR HF.


Ólafur Jónsson



Shell Distributor



Efnahags- og viðskiptanefnd

Alþingis

b.t. Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Olúgjald

Visað er til bréfs nefndarinnar dags. 10. nóv. 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um olúgjald, 30. mál, tímabundin lækkun gjalds.

Í löngum aðdraganda að upptöku olúgjalds í stað þungaskatts, voru tvö meginatriði sem Strætó bs, áður SVR óskuðu eftir í umbeðnum umsögnum til nefndarinnar. Þau eru að breytingin yrði ekki til útgjaldaauka eða aukinnar fjárbindingar. Niðurstaðan er hins vegar að upptakan leiddi til aukins kostnaðar og fjárbindingar fyrir þjónustu strætisvagna.

Upptaka olúgjalds í stað þungaskatts hefur leitt til um 39 mkr. kostnaðarauka á ári fyrir strætisvagnþjónustu á þjónustusvæði Strætó bs. frá því sem var er þungaskattskerfi var til staðar. Því til viðbótar er 11-12 mkr. fjárbinding, þar sem olúgjald er greitt að fullu við afhendingu, en 80% af 41 kr. sem er 64,3% af olúgjaldinu, er endurgreitt síðar. Virðisaukaskattur er lagður á olúgjaldið, en ekki endurgreiddur að neinu.

Verði olúgjald lækkað úr 41 kr. í 37 í fimm mánuði lækkar áðurgreindur kostnaðarauki um 3,2 mkr. og verður tæpar 13 mkr. í stað liðlega 16 mkr. á fimm mánaða tímabili.

Það er því umsögn Strætó bs. að með umræddri breytingu verði að nokkru dregið úr þeim kostnaðarauka sem þjónusta strætisvagna varð fyrir við álagningu olúgjalds.

Strætó bs. áréttar jafnframt að gerðar verði ráðstafanir til að leiðrétta þann kostnaðarauka og fjárbindingu sem þjónustustarf strætisvagna er látið bera þvert gegn því sem óskað hefur verið. Þar vekur þó mesta athygli að 80% endurgreiðsluhlutfall í lögunum er við framkvæmd ekki látið ná til virðisaukaálagningar þannig að endurgreiðsla er liðlega 64%.

Reykjavík 18. nóvember 2005.

Hörður Gíslason

Hörður Gíslason

Aðstoðarframkvæmdastjóri

Strætó bs.

Alþingi
Erindi nr. P 132/445
komudagur 6.12.2005



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 30.11.2005

Tilv. 2005/0042 - 4.0


GT

Efni: Boð um umsögn um 30. mál, frumvarp til laga um bensíngjald og olúgjald, tímabundin lækkun gjalds (132. löggjafarþing)

Visað er til bréfs yðar, dags. 10. nóvember sl., varðandi ofangreint þingmál og beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var.

Með hliðsjón af þeim lagaramma sem gildir um embætti talsmanns neytenda (6. gr. laga nr. 62/2005) og þeim sjónarmiðum sem talsmaður neytenda miðar við til forgangsráðunar er boð yðar um bréflega umsögn um mál þetta vinsamlegast afþakkað.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gísli Tryggvason

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

28. nóvember 2005
ÓHP/sj

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 30. mál 2005/2006 Frumvarp til laga um bensín- og olíugjald

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dagsetts 10. nóvember 2005.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Undirritaður ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Eftirfarandi svör bárust:

Frá fulltrúa Félags íslenskra bifreiðaeigenda, Runólfi Ólafssyni:

„Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur þegar sent umsögn til Alþingis vegna þessa máls. Þar kemur m.a. fram að FÍB fagnar nýju frumvarpi til laga um lækkun skatta á eldsneyti og heitir jafnframt á hið háa Alþingi að lækka álögur ríkisins á eldsneyti með lögum.“

Frá fulltrúa Landssambands vörubifreiðarstjóra, Knúti Halldórssyni:

„Þetta er gott mál sem við styðjum heilshugar.“


Frá fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sigrúnu Þorsteinsdóttur:

„Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar því ef lækka á bensín- og olíugjald frá og með 1. nóvember til og með 31. mars 2006 um 9-10%.

Eldsneytiskostnaður skiptir björgunarsveitir félagsins miklu máli, eins og marga aðra. Félagið hefur m.a. lagt inn erindi til fjármálaráðuneytis um niðurfellingu olíugjalds til björgunarsveita til að vega upp á móti þessum mikla kostnaði sem hlýst af bensín- og olíukostnaði sveita.

Félagið ítrekar mikilvægi þess ef af lækkun bensíns- og olíugjalds verði að það verði skoðað í lok tímabilsins hvort ekki sé ástæða til að framlengja lækkunina ef heimsmarkaðsverð er áfram svipað og það er í dag.“

Frumvarp það er hér um ræðir lýtur ekki að umferðaröryggi nema með óbeinum hætti. Undirritaður telur því ekki ástæðu til að bæta neinu við það sem fram kemur í ofangreindum svörum og styður þau sjónarmið er þar koma fram.



Óli H. Þórðarson
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/301
komudagur 30.11.2005



Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

29. nóvember 2005

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20051100071/KG


Frumvarp til laga um bensingjald og olúgjald, tímabundin lækkun, 30. mál

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp um breytingu á lögum um bensingjald og olúgjald, þar sem lögð er til tímabundin lækkun á bensingjaldi og olúgjaldi, sbr. 30. mál.

Markmið frumvarpsins skv. greinargerð eru að mati Umhverfisstofnunar utan við verksvið stofnunarinnar og tekur stofnunin því ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,


Árni Bragason,
staðgengill forstjóra


Sigrbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/163
komudagur: 25.11.2005
32/163



Nefndarsvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2005
Tilvísun: 2005110025/90.12
JR/AE/BH
10.11.2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olíugjald.
Þskj. 30 - 30. mál.**


Vegagerðin vísar til bréfs yðar dags. 10. nóvember 2005 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um bensíngjald og olíugjald, 30. mál, tímabundin lækkun gjalds.

Vegagerðin nýtur ekki tekna af almennu vörugjaldi af bensíni og tekur þar af leiðandi ekki afstöðu til tillögu um tímabundna lækkun á almennu vörugjaldi frá 1. nóvember 2005 til 31. mars 2006.

Varðandi tillögu um tímabundna lækkun á olíugjaldi leggst Vegagerðin gegn því að olíugjaldið verði lækkað frekar frá því sem nú er. Gjaldið var lækkað tímabundið frá 1. júlí sl. til áramóta úr 45 krónum á hvern lítra í 41 krónu. Fjármálaráðherra hefur nú lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir að sú lækkun verði framlengd til 1. júlí á næsta ári, þ.e. í hálf ár í viðbót.

Í Samgönguáætlun 2005 - 2008 sem samþykkt var á Alþingi í maí sl. miðast áætlaðar tekjur Vegagerðarinnar árið 2006, af olíugjaldi, við það að gjaldið verði 45 krónur á hvern lítra allt árið. Áætlað tekjutap Vegagerðarinnar vegna framlengingar tímabundinnar lækkunar er um 140 m.kr. miðað við áætlaðar sölutölur Vegagerðarinnar. Ef gjaldið væri lækkað um 4 kr. pr. lítra í viðbót í fimm mánuði gæti tekjutapið numið um 112 m.kr. til viðbótar miðað við sömu forsendur, sem er óviðunandi að okkar mati.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/120
komudagur 23.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2005.


Efni: Frv. til I. um br. á ákv. sem varða bensín- og olúgjald (30. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið felur það í sér að bensín- og olúgjald lækki um 4 kr. frá 1. nóvember 2005 út mars 2006.

Viðskiptaráð fagnar öllum hugmyndum sem fela í sér skattalækkanir. Einkum er þarft að lækka og felja niður sértæka skatta sem ætlað er að stýra neyslu landsmanna. Slíkir skattar eru einnig illa til þess fallnir að ná markmiði skattkerfisins, þ.e. að afla ríkinu tekna. Viðskiptaráð sér hinsvegar enga ástæðu til þess að lækkunin verði tímabundin.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga með þeirri breytingu að það verði ekki tímabundið.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson